Reykjavík, 22. júní 2026
ÞON26040085

**Viðtakandi**: Borgarráð
**Sendandi**: Þjónustu- og nýsköpunarsvið

---

***Efni: 12 mánaða uppgjör þjónustu- og nýsköpunarsviðs 2025***

Á fundi stafræns ráðs þann 22. apríl 2026 var lagt fram í trúnaði 12 mánaða uppgjör þjónustu-og nýsköpunarsviðs 2025 sbr. 4. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d. trúnaður var um efni uppgjörsins þangað til eftir að umræðu um ársreikning Reykjavíkurborgar 2025 yrði lokið í borgarstjórn.

Óskað er eftir að tólf mánaða uppgjör þjónustu- og nýsköpunarsviðs 2025 úr trúnaðarbók stafræns ráðs verði fært úr trúnaðarbók og lagt fram í borgarráði.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Eva Pandora

Eva Pandora Baldursdóttir,
deildarstjóri stjórnsýslu og miðlunar

## 1.10 Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði fyrir tímabilið janúar - desember 2025 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.




**Nettó útgjöld voru 4.607 m.kr.** eða 13 m.kr. umfram fjárheimildir ársins eða sem nam 0,3%.




| Rekstur ÞON (m.kr.) | Raun 2025 | Áætlun 2025 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 3.420 | 2.477 | 942 | 38% |
| Laun og launat. gjöld | 2.255 | 2.139 | 116 | 5% |
| Annar rekstrarkostnaður | 5.772 | 4.933 | 839 | 17% |
| **Nettó útgjöld** | **4.607** | **4.594** | **13** | **0,3%** |

**Tekjur** námu 3.420 m.kr. eða sem nemur 942 m.kr. yfir áætlun ársins.

**Laun og launatengd gjöld** námu samtals 2.255 m.kr. eða samtals 116 m.kr. umfram fjárheimildir ársins.

**Annar rekstrarkostnaður** nam samtals 5.772 m.kr. sem er 839 m.kr. umfram fjárheimildir ársins.

**Fjárfesting í Eignasjóði** nam samtals 1.524 m.kr. eða samtals 206 m.kr. undir fjárheimildum ársins en áætlun ársins gerði ráð fyrir fjárfestingum að fjárhæð 1.730 m.kr.

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunalegri áætlun, endurskoðaðri áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2024.

| Þjónustu- og nýsköpunarsvið | Eining | Raun 2025 | Upprunaleg áætlun 2025 | Endurskoðuð áætlun 2025 | Frávik á raun og endurskoðaðri áætlun í m.kr. | Frávik á raun og endurskoðaðri áætlun í % | Raun 2024 | Breyting milli ára, í m.kr. | Breyting milli ára, í % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Borgarskjalasafn | BSR | 203 | 202 | 208 | -5 | -2,4% | 199 | 5 | 2,3% |
| Gagnaþjónusta | GÞR | 51 | 101 | 110 | -58 | -53,1% | 70 | -19 | -27,2% |
| Upplýsinga- og skjalastýring | GÞR | 170 | 196 | 204 | -34 | -16,7% | 160 | 10 | 6,5% |
| Rekstrarþjónusta | RÞR | 505 | 506 | 510 | -6 | -1,1% | 548 | -43 | -7,9% |
| Stafræn Reykjavík | SR | 281,53 | 284 | 322 | -40 | -12,5% | 343 | -62 | -18,0% |
| Miðlæg skrifstofa ÞON | SST | 239 | 226 | 260 | -21 | -8,1% | 192 | 47 | 24,5% |
| Upplýsingatækniþjónusta | UTR | 2.651 | 2.418 | 2.447 | 204 | 8,3% | 2.690 | -39 | -1,4% |
| Þjónusta og umbreyting | THU | 505 | 519 | 533 | -27 | -5,1% | 409 | 97 | 23,6% |
| **Samtals** | | **4.607** | **4.451** | **4.594** | **13** | **0,28%** | **4.611** | **-4** | **-0,1%** |

| Málaflokkar ÞON - m.kr | Tekjur | Áætlun 2025 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2025 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2025 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2025 | Frávik tímabils | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Borgarskjalasafn | 2 | 2 | 0 | 106 | 109 | -4 | 100 | 101 | -1 | **203** | **208** | **-5** | **-2,4%** |
| Gagnaþjónusta | 157 | 0 | 157 | 162 | 156 | 6 | 47 | -47 | 93 | **51** | **110** | **-58** | **-53,1%** |
| Upplýsinga- og skjalastýring | 106 | 18 | 88 | 183 | 107 | 76 | 93 | 115 | -22 | **170** | **204** | **-34** | **-16,7%** |
| Rekstrarþjónusta | 125 | 115 | 10 | 97 | 138 | -41 | 533 | 488 | 45 | **505** | **510** | **-6** | **-1,1%** |
| Stafræn Reykjavík | 409 | 103 | 306 | 537 | 520 | 18 | 153 | -95 | 247 | **282** | **322** | **-40** | **-12,5%** |
| Miðlæg skrifstofa ÞON | 17 | 2 | 15 | 183 | 172 | 11 | 73 | 90 | -16 | **239** | **260** | **-21** | **-8,1%** |
| Upplýsingatækniþjónusta | 2.452 | 2.215 | 237 | 570 | 459 | 111 | 4.533 | 4.203 | 330 | **2.651** | **2.447** | **204** | **8,3%** |
| Þjónusta og umbreyting | 151 | 22 | 129 | 417 | 478 | -61 | 239 | 77 | 163 | **505** | **533** | **-27** | **-5,1%** |
| **Rekstur samtals** | **3.420** | **2.477** | **942** | **2.255** | **2.139** | **116** | **5.772** | **4.933** | **839** | **4.607** | **4.594** | **13** | **0,3%** |
| | | | | | | | | | | | | | |
| Eignasjóður fjárfestingar | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.524 | 1.730 | -206 | **1.524** | **1.730** | **-206** | **-11,9%** |
| | | | | | | | | | | | | | |
| **Samtals** | **3.420** | **2.477** | **942** | **2.255** | **2.139** | **116** | **7.296** | **6.663** | **633** | **6.131** | **6.324** | **-193** | **-3,1%** |

**Upplýsingatækniþjónusta** var samtals 204 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Laun og launatengd gjöld voru 111 m.kr. umfram fjárheimildir. Stærsta áskorun skrifstofunnar felst í því að reyna að stjórna sífellt vaxandi UT-umhverfi og innviðum á of fáum stöðugildum sem þarf að bæta upp með verktöku á álagstímum og þegar starfsfólk hverfur frá í lengri tíma. Annar rekstrarkostnaður var 330 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist helst af aukinni verktöku m.a. til að bregðast við aukinni þjónustuþörf. Brugðist var við því með því að skera niður þjónustustig með því að minnka verktöku þar. Það bjó hinsvegar til áðurnefnt álag á starfsfólk sem bjó til mannleg mistök sem kostuðu útgjöld og aukin rekstrarfrávik. Mikill tími starfsfólks fer þá í viðbragð við rekstrarfrávikum í stað þess að byggja upp forvarnir og sinna vöktun UT-innviðanna og þjónustustig minnkar í kjölfarið. Rekstrarfrávikum er að fjölga sem býr til ófyrirséðan kostnað og aukið álag á starfsfólk. Þá má rekja stórvægleg frávik til mannlegra mistaka sem eru tilkomin vegna álags á starfsfólk. Viðbrögð við slíku er kostnaðarsamt í öllum rekstri. Eins og staðan er í dag er ekki nóg að gert til að koma í veg fyrir öryggisfrávik á borð við:

- Gagnagíslatöku
- Yfirtöku á UT-innviðum
- Þjónustufall á stafrænum þjónustum borgarinnar

Allt slíkt er margfalt dýrara en kostnaður við að tryggja réttan mannauð við að sinna UT-innviðum og þjónustu. Þá er skortur á fyrirbyggjandi vöktun á öllum UT-innviðum.

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

| LYKILTÖLUR ÞON 2025 | 2022 | 2023 | 2024 | jan-mars | apr-jun | jul-sept | okt-des | Samtals 2025 | Áætlun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Skrifstofa þjónustu og umbreytinga** | | | | | | | | | |
| Fjöldi símtala (offered) | 93.149 | 87.374 | 65.738 | 17.558 | 17.693 | 17.036 | 16.373 | 68.660 | 65.000 |
| Fjöldi netsamtala (offered) | 12.362 | 13.415 | 11.825 | 1.739 | 1.774 | 1.612 | 1.461 | 6.586 | 17.500 |
| Fjöldi ábendinga | 16.735 | 11.740 | 10.791 | 2.976 | 2.448 | 3.085 | 3.337 | 11.846 | 13.500 |
| Fjöldi tölvupósta | - | 23.168 | 32.701 | 1.418 | 1.200 | 1.200 | 1.200 | 5.018 | 5.000 |
| Fjöldi útgefinna rafrænna skilríkja | - | - | - | 40 | 40 | 25 | 21 | 126 | 250 |
| Samtöl við vefaðstoð | - | - | - | 1.524 | 2.412 | 2.088 | 2.001 | 8.025 | 7.500 |
| Fjöldi beiðna | - | - | - | 4.791 | 3.788 | 3.624 | 4.680 | 16.883 | 50.000 |
| Fjöldi heimsókna í Þjónustuver í Borgartúni | 12.290 | 13.843 | 4.500 | 1.021 | 1.003 | 1.165 | 1.357 | 4.546 | 6.000 |
| **Rekstrarþjónusta stjórnsýsluhúsa** | | | | | | | | | |
| Seldar máltíðir í mötuneyti Ráðhúss | 17.834 | 17.283 | 20.167 | 4.928 | 3.959 | 3.947 | 5.123 | 17.957 | 18.000 |
| Seldar máltíðir í mötuneyti Höfðatorgs | 63.239 | 71.674 | 76.993 | 19.290 | 17.557 | 18.716 | 19.597 | 75.160 | 72.000 |
| Fjöldi viðburða í Ráðhúsi | 80 | 73 | 70 | 14 | 29 | 12 | 17 | 72 | 80 |
| Fjöldi viðburða í Höfða | 23 | 17 | 23 | 2 | 9 | 9 | 6 | 26 | 20 |
| **Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu** | | | | | | | | | |
| Þjónustuborð - Fjöldi símtala | 23.890 | 22.306 | 20.873 | 3.780 | 3.826 | 5.610 | 4.403 | 17.619 | 23.000 |
| Fjöldi afgreiddra verkbeiðna | 42.162 | 43.398 | 45.212 | 10.185 | 9.377 | 9.461 | 10.025 | 39.048 | 44.250 |
| Fjöldi útstöðva - Borðtölvur | 1.192 | 1.152 | 1.155 | 1.313 | 1.102 | 1.080 | 1.018 | 1.018 | 1.000 |
| Fjöldi útstöðva - Fartölvur | 4.599 | 4.525 | 6.285 | 7.019 | 5.874 | 5.790 | 5.805 | 5.805 | 6.200 |
| Fjöldi útstöðva - Spjaldtölvur og Chromebook | 9.880 | 18.287 | 10.072 | 15.319 | 7.371 | 14.970 | 14.910 | 14.910 | 12.000 |
| Fjöldi nettengdra prentara | 744 | 749 | 745 | 818 | 629 | 455 | 391 | 391 | 400 |
| Fjöldi skráðra virkra notenda í kerfum | 29.612 | 30.926 | 29.468 | 29.761 | 31.869 | 29.342 | 29.340 | 29.340 | 30.800 |
| Fjöldi þráðlausra senda | 2.015 | 2.120 | 2.346 | 2.664 | 2.817 | 2.372 | 2.390 | 2.390 | 2.450 |
| Fjöldi netskipta og beina | 1.030 | 1.033 | 1.078 | 1.117 | 468 | 472 | 552 | 552 | 1.100 |
| **Skrifstofa skjalastýringar** | | | | | | | | | |
| Fjöldi mála stofnuð í GoPro brunnum | 4.195 | 4.184 | 4.017 | 1.082 | 1.131 | 892 | 137 | 3.242 | 1.000 |
| Fjöldi skráðra skjala í GoPro brunnum | 41.353 | 38.486 | 37.904 | 9.128 | 8.384 | 7.584 | 3.480 | 28.576 | 10.000 |
| Fjöldi mála stofnuð í Hlöðunni | 11.927 | 12.025 | 12.274 | 3.177 | 5.196 | 3.352 | 3.188 | 14.913 | 16.000 |
| Fjöldi skráðra skjala í Hlöðunni | 105.464 | 173.429 | 161.303 | 44.212 | 67.908 | 40.161 | 38.662 | 190.943 | 190.000 |
| **Skrifstofa gagnaþjónustu** | | | | | | | | | |
| Fjöldi gagnavara í rekstri | 14 | 24 | 38 | 39 | 45 | 47 | 45 | 45 | 20 |
| Fjöldi vefheimsókna - gagnavörur | 695.508 | 439.635 | 158.889 | 36.093 | 99.114 | 61.574 | 76.968 | 273.749 | 170.000 |
| **Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur** | | | | | | | | | |
| Fjöldi heimsókna á vefinn Reykjavik.is | 2.010.414 | 3.091.473 | 3.896.128 | 946.250 | 876.047 | 919.724 | 721.797 | 3.463.818 | 2.533.122 |
| Fjöldi vefja í eigu Reykjavíkurborgar | 121 | 78 | 29 | 27 | 25 | 20 | 20 | 20 | 25 |
| Vörur í stýringu Saas | - | - | - | 21 | 25 | 25 | 27 | 27 | 25 |
| Fjöldi nýrra ferla | 46 | 5 | 12 | 1 | 3 | 2 | 3 | 9 | 5 |
| Fjöldi endurskoðaðra ferla | 4 | 24 | 56 | 2 | 4 | 1 | 5 | 12 | 15 |
| **Borgarskjalasafn** | | | | | | | | | |
| Hillumetrar af mótteknum skjölum | 167 | 210 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Fjöldi fyrirspurna | 1.074 | 1.715 | 1.402 | 363 | 386 | 293 | 314 | 1.356 | 1.350 |

18.3.2026

**Innkaup miðlægrar starfsemi Reykjavíkurborgar yfir 10 m.kr. - með vísan í 1. og 2. mgr. 7. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar**

**Innkaup __ÞON_______sviðs yfir 10 m.kr. - með vísan í 1. og 2. mgr. 7. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar**

| Vörukaup | Nánari skýring í hverju innkaupin felast: | Með hvaða hætti var stofnað til innkaupana: | Útboðsnúmer: | Skýring á ástæðu þess að innkaupaferli var ekki beitt: | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Nafn birgja /samn.aðila | | | | | |
| | | | | | 0 |
| | | | | | **0** |

| Þjónustukaup | Nánari skýring í hverju innkaupin felast: | Með hvaða hætti var stofnað til innkaupana: | Útboðsnúmer: | Skýring á ástæðu þess að innkaupaferli var ekki beitt: | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Nafn birgja /samn.aðila | | | | | |
| 1xINTERNET ehf. | Miðlægur vefur í Drupal - þjónusta og viðhald vefs | Beint samband | | Sérfræðiþekking viðkomandi | 10.311.375 |
| InfoMentor ehf. | ÞON25010019 - Vala skólakerfi | Beint samband | | | 11.779.241 |
| Sii Sp. z.o.o. | Umbreyting á ytri vef | Samanburður gerður á milli nokkurra aðila | | Niðurstaða úttektar var sú að það væri brýnt að annað hvort uppfæra Drupal vefina og færa þá yfir í örugga Azure hýsingu, eða einfaldlega loka þeim. Vefirnir og vefþjónarnir höfðu staðið of lengi án viðhalds og voru þar af leiðandi orðnir að mikilli öryggisógn. | 10.279.539 |
| Sii Sp. z.o.o. | Umbreyting á ytri vef | Samanburður gerður á milli nokkurra aðila | | Niðurstaða úttektar var sú að það væri brýnt að annað hvort uppfæra Drupal vefina og færa þá yfir í örugga Azure hýsingu, eða einfaldlega loka þeim. Vefirnir og vefþjónarnir höfðu staðið of lengi án viðhalds og voru þar af leiðandi orðnir að mikilli öryggisógn. | 16.462.400 |
| Sii Sp. z.o.o. | Umbreyting á ytri vef | Samanburður gerður á milli nokkurra aðila | | Niðurstaða úttektar var sú að það væri brýnt að annað hvort uppfæra Drupal vefina og færa þá yfir í örugga Azure hýsingu, eða einfaldlega loka þeim. Vefirnir og vefþjónarnir höfðu staðið of lengi án viðhalds og voru þar af leiðandi orðnir að mikilli öryggisógn. | 19.266.995 |
| Ofar ehf. | Avaya símstöð, þjónusta og viðhald. Þjónustusamningur nr. U-40003206; Verðkönnun V250505-1Endurnýjun á Avaya leyfum 2025-2026 | Beint samband | | Borgin er með Avaya símstöð, Ofar er eini aðilinn á landinu sem veitir þjónustu við Avaya símstöðvar og því var gerður samningur við það fyrirtæki; Verið er að útleiða allar Avaya símstöðvar. | 11.110.961 |
| SmartWorks ehf. V/Dokobit | DokoBit - API / Portal rafrænar undirskriftir Samningur nr. U-2020-05-15 | IS-DA-200515-1P Fellur undir léttu leiðin | | Á ekki við | 29.375.870 |
| | | | | | |
| | | | | | **108.586.381** |

| Verklegar framkvæmdir | Nánari skýring í hverju innkaupin felast: | Með hvaða hætti var stofnað til innkaupana: | Útboðsnúmer: | Skýring á ástæðu þess að innkaupaferli var ekki beitt: | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Nafn birgja /samn.aðila | | | | | |
| | | | | | 0 |
| | | | | | **0** |

| Annað | Nánari skýring í hverju innkaupin felast: | Með hvaða hætti var stofnað til innkaupana: | Útboðsnúmer: | Skýring á ástæðu þess að innkaupaferli var ekki beitt: | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Nafn birgja /samn.aðila | | | | | |
| | | | | | 0 |
| | | | | | **0** |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | **Samtals kr.** | **108.586.381** |

**ATH.: Ekki skal færa á framangreint yfirlit þau verkefni sem fóru í formlegt ferli hjá innkaupaskrifstofu s.s. verðfyrirspurnir, útboð, innkaup innan rammasamninga / miðlægra samninga eða önnur verkefni sem fóru fyrir ráðið til samþykktar. Innkaupaskrifstofa gerir yfirlit til innkaupa- og framkvæmdaráðs mánaðarlega yfir öll verkefni skrifstofunnar.**

Reykjavíkurborg

**Listi yfir ferðir starfsmanna þjónustu- og nýsköpunarsviðs og kjörinna fulltrúa janúar til desember 2025.**

Samkvæmt verklagsreglum um ferðaheimildir og greiðslu ferðakostnaðar í ferðum á vegum Reykjavíkurborgar (FAS-VLR-029)1 er lagt fram yfirlit yfir ferðir starfsmanna þjónustu- og nýsköpunarsviðs og kjörinna fulltrúa á vegum þjónustu- og nýsköpunarsviðs frá janúar til desember 2025. Ferðaheimildir eru skilyrði fyrir ferðalögum utanlands sem innanlands.

Nettó kostnaður vegna ferða innan- og utanlands á tímabilinu var eftirfarandi:

| | **Fjárhæð** |
|---|---|
| Borgarfulltrúar | 240.740 |
| Embættismenn | 620.048 |
| Aðrir | 7.758.424 |
| Styrkir | -6.021.951 |
| **Samtals** | **2.597.261** |

**Borgarfulltrúar**

Alexandra Briem, borgarfulltrúi, samtals ferðakostnaður 240.740 kr.
*Ráðstefnan Smart City Expo Congress í Barcelona, 3. - 7. nóvember 2025.*

**Embættismenn**

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri, samtals ferðakostnaður 620.048 kr.
*Ferð með Sambandi sveitarfélaga og stafrænu ráði Sambandsins til KOMBIT sem er rekstraraðili danskra sveitarfélaga varðandi upplýsingatækni og stafræna framþróun, Kaupmannahöfn 31. ágúst - 3. september 2025. Þátttaka í Public Innovation Summit í Baltimore, 26. - 30. október 2025. Ráðstefnan Smart City Expo Congress í Barcelona, 3. - 7. nóvember 2025.*

**Sundurliðun yfir ferðaheimildir starfsmanna:**

| | **Fjárhæð** | **Styrkir** | **Fjárhæð án styrkja** |
|---|---|---|---|
| Gagnaþjónusta | 675.417 | 0 | 675.417 |
| Borgarskjalasafn | 627.213 | -549.377 | 77.836 |
| Miðlæg skrifstofa ÞON | 1.536.995 | -615.600 | 921.395 |
| Stafræn Reykjavík | 4.801.781 | -4.659.676 | 142.105 |
| Upplýsinga- og skjalastýring | 593.234 | -197.298 | 395.936 |
| Upplýsingatækniþjónusta | 0 | 0 | 0 |
| Þjónusta og umbreyting | 384.572 | 0 | 384.572 |
| **Samtals** | | | **2.597.261** |

# Uppgjör þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Janúar - desember 2025

Fundur stafræns ráðs 22. apríl 2026

# Uppgjör þjónustu- og nýsköpunarsviðs Janúar – desember 2025




| Rekstur ÞON (m.kr.) | Raun 2025 | Áætlun 2025 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 3.420 | 2.477 | 942 | 38% |
| Laun og launat. gjöld | 2.255 | 2.139 | 116 | 5% |
| Annar rekstrarkostnaður | 5.772 | 4.933 | 839 | 17% |
| **Nettó útgjöld** | **4.607** | **4.594** | **13** | **0,3%** |

- Nettó útgjöld voru 4.607 m.kr. eða 13 m.kr. umfram fjárheimildir ársins (0,3%).
- **Tekjur** námu 3.420 m.kr. eða sem nemur 942 m.kr. yfir áætlun ársins.
- **Laun og launatengd gjöld** námu samtals 2.255 m.kr. eða samtals 116 m.kr. umfram áætlun ársins.
- **Annar rekstrarkostnaður** nam samtals 5.772 m.kr. sem er 839 m.kr. umfram áætlun ársins.



# Uppgjör þjónustu- og nýsköpunarsviðs Janúar – desember 2025

| Málaflokkar ÞON - m.kr | Tekjur | Áætlun 2025 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2025 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2025 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2025 | Frávik tímabils | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Borgarskjalasafn | 2 | 2 | 0 | 106 | 109 | -4 | 100 | 101 | -1 | 203 | 208 | -5 | -2,4% |
| Gagnaþjónusta | 157 | 0 | 157 | 162 | 156 | 6 | 47 | -47 | 93 | 51 | 110 | -58 | -53,1% |
| Upplýsinga- og skjalastýring | 106 | 18 | 88 | 183 | 107 | 76 | 93 | 115 | -22 | 170 | 204 | -34 | -16,7% |
| Rekstrarþjónusta | 125 | 115 | 10 | 97 | 138 | -41 | 533 | 488 | 45 | 505 | 510 | -6 | -1,1% |
| Stafræn Reykjavík | 409 | 103 | 306 | 537 | 520 | 18 | 153 | -95 | 247 | 282 | 322 | -40 | -12,5% |
| Miðlæg skrifstofa ÞON | 17 | 2 | 15 | 183 | 172 | 11 | 73 | 90 | -16 | 239 | 260 | -21 | -8,1% |
| Upplýsingatækniþjónusta | 2.452 | 2.215 | 237 | 570 | 459 | 111 | 4.533 | 4.203 | 330 | 2.651 | 2.447 | 204 | 8,3% |
| Þjónusta og umbreyting | 151 | 22 | 129 | 417 | 478 | -61 | 239 | 77 | 163 | 505 | 533 | -27 | -5,1% |
| **Rekstur samtals** | **3.420** | **2.477** | **942** | **2.255** | **2.139** | **116** | **5.772** | **4.933** | **839** | **4.607** | **4.594** | **13** | **0,3%** |
| | | | | | | | | | | | | | |
| Eignasjóður fjárfestingar | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.524 | 1.730 | -206 | 1.524 | 1.730 | -206 | -11,9% |
| | | | | | | | | | | | | | |
| **Samtals** | **3.420** | **2.477** | **942** | **2.255** | **2.139** | **116** | **7.296** | **6.663** | **633** | **6.131** | **6.324** | **-193** | **-3,1%** |

Upplýsingatækniþjónusta var samtals 204 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Þar af voru laun og launatengd gjöld 111 m.kr. umfram fjárheimildir. Skýringin er stöðugur vöxtur í UT-umhverfi og innviðum sem eru í kjarnarekstri og ekki er gerð ráð fyrir í ramma skrifstofunnar. Annar rekstrarkostnaður var 330 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist helst af aukinni verktöku m.a. til að bregðast við aukinni þjónustuþörf. Hallarekstur hefur verið viðvarandi frá árinu 2020 en sem viðbragð við því var þjónustustig lækkað og úrlausnartími verkbeiðna lengdur. Þessar aðgerðir ásamt öðrum gerðu það að verkum að sviðið náði að skila því sem næst hallalausum rekstri. Ljóst er að lægra þjónustustig getur ekki verið langtímaaðgerð og nauðsynlegt er að rýna kjarnarekstur upplýsingatækni m.t.t. ásættanlegs þjónustustigs, vöktunar og öryggis. Of lágt þjónustustig og ónóg vöktun getur skapað aukinn kostnað og öryggisvandamál í öðrum rekstri og annar og því er nauðsynlegt að ná jafnvægi í kjarnarekstur upplýsingatækni.

Reykjavík